




Skipulagsstofnun

Mótt.: 18. júní 2014

Málnr.

201405068

GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚNAVATNSHREPPS 2010-2022
VEGNA EFNISTÖKUSVÆÐA VIÐ KJALVEG



28.04.2014

br. eftir yfirferð Skipulagsstofnunar 06.06.2014

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 7. maí 2014

Sveitarstjóri
Húnavatnshrepps

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 19. júní 2014

Harður Haraldrsson

Guðmundur Guðmundsson

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 28.4. 2014.

Br. 06.06.2014 eftir yfirferð Skipulagsstofnunar.

1. Inngangur

Eftirfarandi er greinargerð með breytingu á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 en aðalskipulagið var staðfest af umhverfissráðherra þann 25. maí 2012. Gerð er óveruleg breyting vegna áforma um fjögur ný efnistökusvæði við Kjalveg.

Breytingin kemur til vegna umsóknar Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til þess að vinna efni úr fjórum námum við Kjalveg. Námunar eru Áfanganáma, náma sunnan Tvískiptihæðar, náma sunnan Kúlukvíslar og náma við Stóralæk. Áformað er að vinna 3000 m³ í hverri námu í sumar.

Verið er að vinna aðra breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 þar sem m.a er bætt við efnistökusvæðum vegna framkvæmda við Blönduveitu, sú breyting hefur ekki verið staðfest.

2. Forsendur

Framangreindar námur eru allar opnar og hafa verið notaðar af Vegagerðinni áður en eru ekki á aðalskipulagi Húnavatnshrepps. Framkvæmdaleyfi verður ekki gefið út fyrir en aðalskipulaginu hefur verið breytt.

Skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt að breytingin verði óveruleg. Um er að ræða breytingu vegna nýrra efnistökusvæða við Kjalveg en Vegagerðin hyggst nota efnið við lagfæringu á Kjalvegi í sumar. Rökin fyrir því að farið er í óverulega breytingu eru að allar námunar fjórar eru þegar opnar og hefur áður verið tekið efni úr þeim í Kjalveg. Áætlað er að vinna litið af efni úr hverri námu. Gert er ráð fyrir að fara í lagfæringu á malarslitlagi Kjalvegur í sumar.

3. Breyting á skipulagi

Breyting er gerð á kafla 3.1.6 Efnistökusvæði.

Í markmiðum gildandi skipulagsáætlunar er m.a. sagt að þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Í leiðum er sagt að

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- Leggja verður áherslu á skipulega nýtingu efnistökuastaða og snyrtilegan frágang þar þegar efnistöku lýkur.

Í töflu hér á eftir eru sýnd þessi fjögur nýju efnistökusvæði. Verið er að vinna aðra breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar og efnistökusvæða en í þeirri breytingu er gert ráð fyrir 14 nýjum efnistöku- og efnislosunarsvæðum sem fá númerin E20-E34.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
E35	Áfanganáma	Áætluð efnistaka er 3000 m ³ í af malarslitlagi í tengslum lagfæringu Kjalvegjar sumrið 2014. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	
E36	Sunnan Tvískiptihæðar	Áætluð efnistaka er 3000 m ³ í af malarslitlagi í tengslum lagfæringu Kjalvegjar sumrið 2014. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	
E37	Sunnan Kúlukvíslar	Áætluð efnistaka er 3000 m ³ í af malarslitlagi í tengslum lagfæringu Kjalvegjar sumrið 2014. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	
E38	Við Stóralæk	Áætluð efnistaka er 3000 m ³ í af malarslitlagi í tengslum lagfæringu Kjalvegjar sumrið 2014. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	

4. Umhverfisáhrif

Allar námurnar hafa verið notaðar við viðhald á Kjalvegi en eru ekki skilgreindar í gildandi aðalskipulagi. Þörf á nýtingu námunum er vegna áforma Vegagerðarinnar um að bæta slitlag á Kjalvegi vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Frágangur að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu, námurnar verða græddar upp að lokinni efnistöku. Áhrif hveirrar og einnar námu geta verið mismunandi en á heildina lítið hafa þessar námur lítil áhrif á umhverfið, efnismagnið er lítið og því ekki tilkynningarskilt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

5. Heimildaskrá

Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulagsstofnun (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlna.